

## Skilmálar stafrænna lausna og dreifileiða Íslandsbanka

### 1. Samþykki skilmála og gildissvið

Íslandsbankaappið, netbanki Íslandsbanka fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, vefgátt bankans og aðrar stafrænar lausnir eða dreifileiðir bankans (hér eftir lausnirnar) gera þér kleift að tengjast bankanum með því að auðkenna þig með persónubundnum öryggisþáttum svo sem notandanafni og lykilorði eða með rafrænum skilríkjum og/eða PIN-númeri eða andlitsauðkenni/fingrafari fyrir app í samræmi við öryggiskröfur bankans hverju sinni. Með lausnunum getur þú annast öll helstu bankaviðskipti og tengst vörum og þjónustu sem við bjóðum upp á. Í lausnunum er einnig hægt að virkja kort fyrir snertilausar greiðslur með snjalltæki. Þegar þú hefur virkjað kort fyrir snertilausar greiðslur með snjalltæki getur þú greitt fyrir vörur og þjónustu í posum sem samþykkja slíkar greiðslur.

Þessir skilmálar gilda um notkun lausnanna en til viðbótar getur þú þurft að kynna þér og samþykkja sérstaka skilmála bankans um tiltekna aðgerðir og vörur í lausnunum. Að auki gilda Kreditkorta- og debetkortaskilmálar, Almennir skilmálar innlánsreikninga, Skilmálar Fríðu, Almennir viðskiptaskilmálar Íslandsbanka hf., Skilmálar kostnaðarstjórnunar og samningur um aðgang að netbanka fyrirtækja. Í ákveðnum tilvikum gilda auk þess sérstakir skilmálar um viðskipti á milli aðila, réttindi og skyldur og öryggiskröfur.

Með því að stofna aðgang og nota lausnirnar:

- staðfestir þú að hafa kynnt þér skilmála þessa og samþykkir þá,
- skuldbindur þú þig til að greiða gjöld samkvæmt verðskrá bankans og samþykkir að gjöldin verði skuldfærð af reikningi þínum hjá bankanum,
- ert þú upplýst/ur um vinnslu persónuupplýsinga og heimilur vinnslu þeirra eins og lýst er hér að neðan,
- ert þú upplýst/ur um að þú berð ábyrgð á stofnun aðgangs og innskráningu í lausnirnar með þínum rafrænu skilríkjum og á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru í lausnunum með þínum rafrænu skilríkjum, og
- ert upplýst/ur um að greiðsla með lausnunum jafngildir greiðslu eins og hún er skilgreind í lögum um greiðsluþjónustu nr. 114/2021.

Að svo miklu leyti sem ákvæði skilmála þessara falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu teljast þau ákvæði vera viðbót við rammisamning um greiðsluþjónustu milli þín og bankans í skilningi laga um greiðsluþjónustu.

### 2. Upplýsingar um þjónustuveitanda og ábyrgðaraðila persónuupplýsinga

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, sími 440 4000, [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is), er fjármálafyrirtæki samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Íslandsbanki hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og lýtur jafnframt eftirliti þess. Afgreiðslan og ráðgjafaverið eru opin virka daga á auglýstum opnunartímum.

### 3. Persónuvernd

Þær persónuupplýsingar sem bankinn fær frá þér eða þriðja aðila í tengslum við notkun lausnanna og eru notaðar við framkvæmd þjónustunnar eru unnar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga á hverjum tíma.

#### 3.1 Vinnsla persónuupplýsinga

Við framkvæmd og í tengslum við þá þjónustu sem veitt er með lausnunum er nauðsynlegt að vinna ýmsar persónuupplýsingar t.a.m. samskiptaupplýsingar þínar, auðkenni, fjárhagsupplýsingar og opinberar upplýsingar. Með því að nota lausnirnar vistast einnig, eins og við á, ýmsar tæknilegar upplýsingar um það tæki sem þú notar til að tengjast okkur þ.e. nafn, tegund og númer, stillingar snjalltækis m.t.t. tímasvæðis, tungumáls, aðgerðir sem framkvæmdar eru og IP-tölur í gagnagrunni bankans. Þessar upplýsingar verða m.a. nýttar í þágu notkunar þinnar á lausnunum, þróun þeirra og öryggis. Sjá nánar um tilgang vinnslu í kafla 3.2.

Ákveðin þjónusta eða aðgerðir í lausnunum sækja staðsetningu tækis út frá GPS hnitum, netkerfum eða dreifikerfi símafyrirtækja, t.d. upplýsinga um afgreiðslustaði. Hægt er að stýra aðgengi að slíkum þjónustum í snjalltækinu sjálfu. Bankinn sækir ekki upplýsingar um staðsetningar úr snjalltækinu nema með heimild þinni.

Þú getur á hvaða tíma sem er látið loka aðgengi þínum að lausnunum eins og við á. Athugaðu að lokun aðgangs felur ekki í sér eyðingu á gögnum.

Fingraför eða andlitsauðkenni sem þú notar til að skrá þig inn í lausnirnar eru ekki varðveitt hjá bankanum.

### 3.2 Tilgangur vinnslu

Vinnsla persónuupplýsinga byggir aðallega á samningi við þig, lögmætum hagsmunum bankans, samþykki og/eða lagaskyldu. Þannig geta upplýsingarnar t.d. verið notaðar í eftirfarandi tilgangi:

- til að auðkenna þig t.d. með rafrænum skilríkjum eða öryggisnúmeri,
- til að veita og framkvæma þá þjónustu sem lausnirnar bjóða upp á og framfylgja skilmálum sem samþykktir hafa verið t.d. með atburðaskráningum og útreikningum á kolefnisspori,
- til að senda þér tilkynningar og upplýsingar um notkun á þjónustunni t.d. með því að senda þér tölvupóst eða tilkynningar (e. push notification),
- til þess að þróa lausnirnar og þá þjónustu sem þeim er ætlað að veita t.d. með því að mæla umferð og notkun, breyta efnistöðum og aðlaga þjónustuna,
- til að hafa eftirlit með útlánnum og áhættu í starfsemi bankans eins og honum er skylt skv. lögum um fjármálafyrirtæki,
- til að gæta öryggis upplýsinga þinna og koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi og ólöglegar aðgerðir, t.d. með svikavakt, skráningu á öryggisatvikaskrá og tilkynningum til yfirvalda,
- til að framfylgja skyldum okkar að lögum t.d. með því að veita eftirlitsaðilum og yfirvöldum upplýsingar og gera áreiðanleikakönnun vegna varna gegn peningabætti og hryðjuverkum, og
- til að senda tilkynningar um nýjungar í þjónustu og tilboð með samþykki þínu, ef við á.

Bankinn hefur lögmæta hagsmuni til þess að nýta persónuupplýsingar í markaðsskyni en þú getur ávallt óskað eftir því að upplýsingar séu ekki nýttar í þessu skyni með því að afskrá þig af póstlista. Það gerir þú með því að velja hlekk í markaðspósti eða með því að senda tölvupóst á [personuvernd@islandsbanki.is](mailto:personuvernd@islandsbanki.is). Einnig er hægt að loka fyrir tilkynningar (e. push notification) í stillingum en sú aðgerð gildir eingöngu um þær tilkynningar.

Vinnsla getur einnig farið fram á grundvelli almannahagsmuna eða brýnna hagsmuna ef upp koma ófyrirséð tilvik.

### 3.3. Sjálfvirk ákvarðanataka

Þegar þú óskar eftir þjónustu í gegnum lausnirnar byggist ákvörðun um hvort unnt sé að veita þér hana og, eftir atvikum, hvaða viðskiptakjör þú hlýtur á sjálfvirkri gagnavinnslu lánshæfismats þar sem t.d. er litið til tekna, framfærslukostnaðar, viðskipta- og greiðslusögu, eigna- og skuldastöðu, lýðupplýsinga og upplýsinga frá fjárhagsupplýsingastofu (Creditinfo Lánstraust). Eins og við á er einnig litið til annarra þátta sem skipt geta máli við ákvarðanatökuna s.s. lánaramma viðskiptavinar, veðhlutfalls, lögræðis, greiðslumats og annarra upplýsinga sem við biðjum þig um að veita við umsókn.

Þessi vinnsla persónuupplýsinga er forsenda samnings okkar á milli en þú átt alltaf rétt á að vefengja ákvörðunina, láta skoðun þína í ljós og að starfsmaður yfirfari ákvörðunina með því að hafa samband við ráðgjafaver í gegnum netspjallið eða aðalnúmer bankans eða með tölvupósti til persónuverndarfulltrúa bankans, [personuvernd@islandsbanki.is](mailto:personuvernd@islandsbanki.is).

### 3.4. Miðlun persónuupplýsinga

Upplýsingunum kann að vera deilt með þriðja aðila, t.d. eftirlitsaðilum, yfirvöldum eða þjónustuaðilum á grundvelli samnings, lögmætra hagsmuna, lagaskyldu eða annarra heimilda í persónuverndarlögum. Jafnframt kann upplýsingum að vera deilt með þriðja aðila að þinni ósk.

Áskilinn er réttur til að koma ábendingum á framfæri við lögreglu um athæfi sem talið er ólöglegt.

Fyllsta öryggis er gætt við alla miðlun persónuupplýsinga.

Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga, varðveislu og réttindi þín má nálgast á [www.islandsbanki.is/personuvernd](http://www.islandsbanki.is/personuvernd).

#### 4. Öryggi

Upplýsingar eru ekki vistaðar í lausnunum heldur eingöngu í grunnkerfum Íslandsbanka og þjónustuaðila. Öll samskipti lausnanna við grunnkerfi eru dulkóðuð. Bankinn vinnur eftir virkri öryggisstefnu og ISO 27001 staðlinum.

#### 5. Virkjun og auðkenning

Þegar *appið* er sótt og til að auka öryggi í snjalltækinu skuldbindur þú þig til:

- að sækja forritið aðeins af dreifikerfi Apple í App Store eða í Google Play,
- að setja forritið ekki upp á snjalltæki með breyttu stýrikerfi eða með „jailbreaking“ eða sambærilegum breytingum,
- að setja forritið eingöngu og aðeins upp á snjalltæki sem er í eigu eða umsjá þinni og
- að gera ekki eða láta gera breytingar á hugbúnaði þeim sem tengist appinu.

Þegar netbanki er virkjaður skuldbindur þú þig til:

- að gæta þess að þú sért í reynd að skrá þig inn í netbanka Íslandsbanka og
- að nota öruggan búnað til að skrá þig inn.

Hafi ofangreindar leiðbeiningar ekki verið virtar eða átt hefur verið við tækið sem þú notar til að tengjast lausnunum með þeim hætti að öryggi þess hafi á einhvern hátt verið ógnað, er notkun lausnanna í tækinu ekki örugg og því óheimil. Sjá nánar um skyldur og ábyrgð í kafla 7.

Í samræmi við öryggiskröfur bankans á hverjum tíma þarft þú að sanna á þér deili þegar þú notar lausnirnar með því að auðkenna þig með persónubundnum öryggispáttum, sem þú heldur leyndum og deilir með engum. Sömu öryggiskröfur gilda við nýskráningu þegar þú velur hvaða persónubundnu öryggispætti þú ætlar að nota sem auðkenningu við innskráningu framvegis. Ef þú skráir þig út þarftu að skrá þig inn með sama hætti og áður er lýst. Eftir nýskráningu auðkennir þú þig með persónubundnum öryggispáttum, t.d. rafrænum skilríkjum, PIN-númeri, með skönnun fingrafars eða með öðrum hætti í samræmi við öryggiskröfur bankans á hverjum tíma.

Til þess að virkja kort fyrir snertilausar greiðslur með snjalltæki þarft þú að auðkenna þig með persónubundnum öryggispáttum í samræmi við öryggiskröfur bankans. Til þess að unnt sé að nota snertilausar greiðslur með snjalltæki þarftu að aflæsa snjalltækinu með persónubundnum öryggispáttum til samræmis við öryggiskröfur bankans. Mismunandi kröfur eru gerðar til öryggispátta eftir upphæð snertilausrar greiðslu. Upplýsingar um fjölda greiðslna án nettengingar, hámarksupphæðir og önnur viðmið er að finna á vef Íslandsbanka [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is).

Bankinn áskilur sér rétt til að breyta kröfum til persónubundinna öryggispátta.

#### 6. Notkun lögaðila á lausnunum

Lögaðilar geta, eins og við á, veitt tilgreindum notendum aðgang að einstökum aðgerðum lausnanna. Jafnframt getur lögaðili úthlutað einstökum notendum aðgangsstýringarheimild að þeim. Lögaðili þarf sérstaklega að óska eftir því að tilgreindur notandi fái slíka heimild, annaðhvort í samningi um aðgang að netbanka fyrirtækja eða með sjálfstæðu umboði svo aðgangsstýring verði virk. Sá notandi sem lögaðili veitir aðgangsstýringarheimild fær umboð lögaðilans til þess að sækja um aðgang fyrir nýja notendur og úthluta öðrum notendum aðgangsheimildum eftir því sem hann telur viðeigandi og rúmast innan heimildar hans. Aðgangsstjóri getur veitt framangreinda heimild rafrænt í gegnum lausnirnar. Í aðgangsstýringarheimild felst jafnframt að aðgangsstjóri getur breytt aðgangsheimildum hjá öllum notendum fyrirtækisins í gegnum lausnirnar, m.a. hvaða aðgerðir þeir mega framkvæma. Upplýsingar um aðgangsheimildir starfsfólks skulu ávallt vera bankanum aðgengilegar.

Lögaðili ber fulla ábyrgð á því með hvaða hætti hann úthlutar aðgangsheimildum að lausnunum og ber þannig ábyrgð á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru með persónubundnum öryggisþáttum viðkomandi notenda. Ákveði lögaðili að afturkalla eða breyta aðgangsheimild einstakra notenda ber hann ábyrgð á því að heimildir notandans falli niður eða taki breytingum eftir því sem við á. Hið sama á við ef starfsmaður lögaðila sem hefur slíkar heimildir hættir störfum. Lögaðili ber ábyrgð á því að afturkalla umboð og aðgangsheimildir sem veittar hafa verið að lausnunum með skriflegum hætti gagnvart bankanum.

Aðgangsstjóri getur ákveðið að allar framkvæmdar fjárhagslegar aðgerðir í lausnum fyrirtækja fari í samþykktarferli. Þá þarf sá aðili sem lögaðili eða aðgangsstjóri tilnefnir að samþykkja allar fjárhagslegar færslur sérstaklega. Hafi lögaðili eða aðgangsstjóri ákveðið að fara inn í samþykktarferlið getur aðgangsstjóri ekki ákveðið að fara út úr því heldur þarf til þess skriflega yfirlýsingu lögaðila.

Íslandsbanki áskilur sér rétt til að fara ekki eftir fyrirmælum telji starfsfólk bankans t.d. að:

- fyrirmæli um viðskiptin hafi ekki verið gefin af lögaðila,
- vafi leiki á um aðgangsheimild eða efni viðskiptanna,
- viðskiptin séu sérstök eða óvenjuleg miðað við fyrri viðskipti,
- viðskiptin séu óvenjuleg miðað við það sem almennt tíðkast í sambærilegum viðskiptum eða
- það brjóti með einhverjum hætti í bága við lög eða reglur að framfylgja viðskiptunum.

Lögaðili getur gefið notendum aðgang að lausnunum í gegnum vefþjónustur Íslandsbanka. Með aðgangi að vefþjónustum okkar geta notendur tengst lausnunum, sem upp á það bjóða, í gegnum bókhaldskerfi eða önnur kerfi hjá þjónustuaðilum sem eru beintengdir kerfum bankans. Þær aðgerðir sem eru í boði í gegnum vefþjónustur eru breytilegar, en flestar greiðsluaðgerðir og stofnun innheimtukrafna í Skilvís eru þar á meðal. Allar aðgangsheimildir notenda í lausnunum gilda við notkun vefþjónustu. Vefþjónustuaðgerðir notenda eru jafngildar og að notendur hafi framkvæmt þær í gegnum lausnirnar.

Lögaðili ber ábyrgð á að kynna notendum skilmála þessa og aðra skilmála sem um þjónustuna kunna að gilda.

## 7. Skyldur og ábyrgð

Búnaður, svo sem snjalltæki eða tölva, sem þú notar til að móttaka stafræna þjónustu bankans þarf að uppfylla kröfur sem Íslandsbanki gerir hverju sinni. Þú berð ábyrgð á öryggi búnaðarins og notkun á honum. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í snjalltæki, tölvu- og/eða hugbúnaði bankans eða þínum eða af öðrum orsökum sem kunna að valda því að viðskipti með lausnunum geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast. Bankinn hefur heimild til að skoða aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar og snjalltækja- og tölvutengingar þínar, þ. á m. IP-tölur og útgáfu af stýrikerfi, ef grunur vaknar um sviksamlegt athæfi og ólöglegar aðgerðir, til þess að fyrirbyggja slíka háttsemi og rekja viðskiptafyrirmæli ef þarf.

Þér ber að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja persónubundna öryggisþætti sem þú notar til að auðkenna þig inn í lausnirnar.

Þú berð ábyrgð á því að varðveita allt sem snertir persónubundna öryggisþætti með tryggum hætti og berð ábyrgð á því að aðgangsupplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Þú mátt ekki undir neinum kringumstæðum deila upplýsingum um persónubundna öryggisþætti, veita öðrum upplýsingar um þá eða gefa öðrum aðgang að lausnunum í þínu nafni t.d. með því að samþykkja aðganginn með þínum rafrænu skilríkjum. Þú berð ábyrgð á öllum aðgerðum þar sem persónubundnir öryggisþættir þínir eru notaðir til að framkvæma þær eins og rakið er í Almennum skilmálum innlánsreikninga, Almennum viðskiptaskilmálum, Kredit- og debetkortaskilmálum Íslandsbanka, samningi um aðgang að netbanka fyrirtækja og sérstökum skilmálum um viðskipti aðila. Notkun persónubundinna öryggisþátta jafngildir ávallt undirskrift þinni. Varðveitir þú persónubundna öryggisþætti þína ekki í samræmi við framangreint telst það vera stórfellt gáleysi af þinni hálfu.

Þér ber að fara yfir færslur og stöðu á reikningum sem birtast í lausnunum og aðrar aðgerðir sem framkvæmdar eru með þeim og staðreyna þær. Bankinn upplýsir þig um færslur eftir því sem segir í Almennum viðskiptaskilmálum, Skilmálum innlánsreikninga og Kredit- og debetkortaskilmálum Íslandsbanka. Verðir þú var við óeðlilegar færslur eða greiðsluhegðun á reikningi sem finna má í lausnunum, tapar tæki sem þú hefur notað til að tengjast lausnunum eða grunar að óviðkomandi aðili hafi fengið vitneskju um persónubundna öryggisþætti þína skalt þú tafarlaust tilkynna slíkt til bankans og breyta persónubundnu öryggisþáttunum eins fljótt og við verður komið. Þú getur haft samband við ráðgjafaver Íslandsbanka í síma 440 4000. Ef þú lokar ekki fyrir aðgang að lausnunum eða tilkynnir ekki samstundis til okkar tap á tæki sem þú hefur notað til að tengjast þeim, grun eða vitneskju um óeðlilega greiðsluhegðun eða misnotkun, berð þú alla ábyrgð á hugsanlegri misnotkun á þeim og þess tjóns sem af því leiðir eða kann að leiða þar til aðgangi hefur verið lokað.

Neytendur skv. lögum um greiðsluþjónustu nr. 114/2021 bera ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af notkun lausnanna ef bankinn hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, vegna tilkynningarskyldu um greiðslumiðil sem hefur týnst, verið stolið eða notaður með óréttmætum hætti, nema neytendur hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi.

Til að tryggja öryggi greiðslumiðilsins skalt þú virkja læsingar á tækjum sem þú notar til að tengjast lausnunum. Við mælum einnig með því að þú varðveitir tækin í samræmi við öryggisleiðbeiningar framleiðanda og samþykkir nauðsynlegar öryggisuppfærslur á tækjunum.

Ef þú lánar, selur eða heimilar öðrum umráð yfir tæki sem þú hefur notað til að tengjast lausnunum, skuldbindur þú þig til að tryggja það að viðtakandi tækisins fái ekki aðgang að þeim.

Aðeins handhafi kredit- og/eða debetkorts sem tengt er snertilausum greiðslum hefur heimild til að nota snertilausar greiðslur með snjalltæki sem greiðslumiðil. Sama gildir þó sú virkni verði ekki háð handhöfn korts.

Ekki er leyfilegt að tengja kort við rafrænt veski annars aðila.

Þér ber skylda til að gæta sérstakrar varúðar gagnvart svikum í formi falskra skilaboða, svikasíðna og vefveiðum hvers konar, t.d. hlekkjum og SMS-skilaboðum sem þér eru send frá þriðja aðila. Við sendum aldrei skilaboð með hlekk á innskráningarsíður í lausnunum nema í kjölfar þess að þú hafir sannarlega óskað eftir þjónustu frá okkur.

Nánari upplýsingar um öryggi snjalltækja og netöryggi er að finna á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is).

## 8. Önnur þjónusta

Bankinn kann að bjóða þér upp á aðra þjónustu en eingöngu þá sem snýr að bankaviðskiptum í gegnum lausnirnar. Krefjast slík þjónusta samþykkis þíns er þess leitað með skýrum hætti. Í þeim tilvikum getur þú almennt afturkallað samþykki þitt í lausnunum eða með því að hafa samband við bankann. Athugaðu að afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu fram að afturköllun.

## 9. Heimildir, fyrirvarar og ábyrgð

Lausnirnar eru eign bankans og óheimilt er að breyta þeim eða afrita. Bankinn eða þriðji aðili er eigandi höfundaréttar, vörumerkja og annarra óefnislegra réttinda sem tengjast lausnunum.

Bankinn ber ekki ábyrgð á notkun þinni á lausnunum. Þá ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni sem notkun lausnanna kann að valda eða að upplýsingar um reikninga hjá öðrum fjármálastofnunum séu réttar. Þú berð fulla ábyrgð á því að eiga viðskipti með lausnunum frá öðru landi en Íslandi, en í einstaka ríkjum kann það að vera lögbrot að nota veraldarvefinn eða tiltekin fjarskiptatæki.

Bankinn getur ekki ábyrgst samfelldan og órofinn aðgang að lausnunum eða einstökum þjónustupáttum þeirra. Lausnirnar eru almennt í boði 24 tíma á dag, 7 daga vikunnar. Hins vegar er mögulegt að aðgangur að þeim rofni tímabundið vegna uppfærslu, viðhalds, þjónustuhlés, truflunar eða af öðrum svipuðum ástæðum. Bankinn er ekki

ábyrgur fyrir óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af saknæmri háttsemi annarra en starfsfólks bankans eða ef tjón verður vegna lokunar, bilunar, truflunar eða annarrar röskunar í lausnunum eða annarri starfsemi þeim tengdum.

Þegar þess er kostur skal Íslandsbanki tilkynna þér um slík atvik með fyrirvara á vef sínum, [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is). Bankanum er hins vegar ekki skylt að tilkynna þér fyrirfram um truflun í þjónustu sem er til skamms tíma og er minni háttar eða sem stafar af öryggisbresti eða öðrum óvæntum eða óviðráðanlegum ástæðum.

Allar villur sem verða vegna bilana eða rangrar virkni í lausnunum er bankanum heimilt að leiðrétta án samráðs við þig. Þú ert aftur á móti skuldbundinn til að gera okkur samstundis viðvart verðir þú þess áskynja að villur hafi komið upp í aðgerðum sem framkvæmdar eru í lausnunum.

Bankanum er heimilt, fyrirvaralaust og án tilkynningar, að loka aðgangi þínum að lausnunum eða takmarka notkun þína í þeim, í heild eða að hluta, tímabundið eða varanlega, í eftirfarandi tilfellum:

- a) grunur leikur á um óheimila eða sviksamlega notkun lausnanna eða brot á lögum, reglum eða skilmálum bankans,
- b) vegna uppfærslu skráa, kerfisbreytinga eða annarra tæknilegra ástæðna eða öryggisástæðna,
- c) ef grunur er um að þriðji aðili hafi komist yfir persónubundna öryggisþætti þína eða
- d) ef þú þitt er tekið til gjaldþrotaskipta, ef þú leitar nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða ef fyrir hendi eru aðrar sambærilegar eða ófyrirséðar aðstæður.

Þér verður gert viðvart eins fljótt og kostur er. Séu ástæður fyrir lokuninni ekki lengur fyrir hendi skal bankinn opna fyrir notkunina.

Bankinn hefur heimild til að auka við og draga úr eigin þjónustu eða þjónustu þriðja aðila í lausnunum.

Bankinn hefur einnig heimild til að ákveða einhliða þá þjónustu sem í boði er í þeim, sem og breyta þjónustunni, virkni hennar og öryggiskröfum án fyrirvara.

Bankinn ber ekki ábyrgð á skráningu krafna sem birtast á yfirliti yfir ógreidda reikninga í lausnunum. Hafir þú athugasemdir vegna slíkrar kröfu skaltu hafa samband við viðkomandi kröfuhafa.

Vakin er athygli á að fáir þú vitneskju um málefni annarra viðskiptavina hjá bankanum við notkun lausnanna ert þú bundinn þagnarskyldu á sama hátt og starfsfólk bankans samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Þér er óheimilt að notfæra þér upplýsingarnar á nokkurn hátt, skrá þær hjá þér eða miðla þeim og þér ber að eyða þeim án tafar og tilkynna bankanum um að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér.

## 10. Þjónustugjöld og önnur gjöld vegna lausnanna

Öll þjónustugjöld og önnur gjöld vegna þjónustu bankans reiknast samkvæmt auglýstri verðskrá Íslandsbanka hf. á hverjum tíma sem nálgast má á vefnum: [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is). Þú samþykkir að þér verði tilkynnt um breytingar á verðskrá á vefsíðu bankans.

Bankinn áskilur sér rétt til að breyta þjónustugjöldum og/eða bæta við nýjum þjónustugjöldum hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir þig eða varða atriði sem falla utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021. Að öðrum kosti taka breytingar gildi með tveggja mánaða fyrirvara. Þú telst hafa samþykkt breytingarnar ef þú gerir ekki athugasemdir innan þess tíma.

Að öðru leyti gildir verðskrá síma- og netþjónustu þinnar vegna notkunar á gagnamagni og gjaldskrá Íslandsbanka fyrir SMS auðkenningar og tilkynningar.

## 11. Tilkynningar, breytingar og gildistaka

Íslandsbanki hefur heimild til að birta allar almennar tilkynningar til notenda lausnanna á vef sínum [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is) og/eða senda í gegnum SMS, tölvupóst, netbanka, fyrirtækjabanka eða önnur rafræn

skilaboð. Birting með þeim hætti telst uppfylla þá tilkynningaskyldu sem lög og skilmálar þessir gera ráð fyrir. Um breytingar á skilmálum þessum og uppsögn og lok viðskipta er vísað til ákvæða Almennra viðskiptaskilmála Íslandsbanka.

Skilmálar þessir taka gildi þann 26. júní 2023.